

Nd.

## 660. Nefndarálit

[317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar árla sl. nætur og kl. 8.30 hóf nefndin störf. Málið var afgreitt út úr nefndinni kl. 11.40 og ætlunin er að málið verði tekið til 2. umr. núna kl. 13. Mjög skammur tími hefur því unnist til að athuga efni frumvarpsins.

Fyrir nefndina komu fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, Húsnæðisstofnun og yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni, en þeim málum hafa verið gerð sérstaklega skil í nefndaráliti minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar og vísast til þess.

Auk þess komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB og Verkamannasambandinu og var rætt við þá um stöðuna í kjarasamningunum og horfur í þeim eignum. Kom þar fram að flest bendi nú til að nýgerðir kjarasamningar milli VMSÍ og atvinnurekenda verði felldir í miklum meiri hluta þeirra verkalýðsfélaga sem aðild áttu að samningnum. Einnig kom fram að þar sem samningar VMSÍ og BSRB væru með samanburðarákvæðum við aðra samninga — ef þar næðust meiri kjarabætur fram — gætu í raun flestallir samningar í landinu „losnað“ á næstunni. Þá mótmælti forseti Alþýðusambandsins niðurskurði til húsnæðismála sem bættist við fyrri vanefndir ríkisvaldsins um framlög til þeirra mála.

Fyrir nefndina komu einnig bæjarstjórar Hafnarfjarðar og Kópavogs og mótmæltu þeir harðlega skerðingu Jöfnunarsjóðs. Töldu þeir að tekjutap bæjarfélaganna yrði u.þ.b. 15 millj. kr. fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og 16 millj. kr. fyrir Kópavogskaupstað. Þá lýstu bæjarstjórnir einnig sérstökum vonbrigðum með þessa niðurstöðu þar sem hún hefði óhjákvæmilega mjög slæm áhrif á samskipti ríkis og sveitarfélaga, ekki síst þar sem ekkert samráð hefði verið haft við sveitarfélögin um þessa ákvörðun.

Einnig kom vegamálastjóri fyrir nefndina og upplýsti hann að niðurskurður til vegamála mundi ekki raska áður umsömdum verkefnum en ganga mundi á það fé sem óskipt er til nýframkvæmda. Kemur það Vegagerðinni til góða í þessu sambandi að tekjur voru nokkuð vanáætlaðar. Rétt er þó að minnst þess að langt er í land að staðið sé við ákvæði langtímaáætlunar um framlög til vegamála.

Minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ljóst er að forsendur þessara ráðstafana, eins og þeim var lýst af ríkisstjórninni, þ.e. að kjarasamningar VMSÍ og atvinnurekenda yrðu að almennu fordæmi, eru að hrynja. Ýmislegt af þessum ráðstöfunum er út af fyrir sig til bóta. Einkum það að ríkisstjórnin er nú að taka til baka margar af þeim ráðstöfunum gagnvart atvinnuvegunum sem anað var út í fyrir nokkrum mánuðum. Hitt er jafnljóst að ríkisstjórnin hefur misst öll tók á stjórn efnahagsmálanna. Stjórnin er innbyrðis sundurþykk og bæði ráðherrar og einstakir stjórnarþingmenn eru í beinni andstöðu við sumt í ráðstöfunum þessum. Alger óvissa ríkir því um framhaldið og ríkisstjórnin framlengir líf sitt með vonlausu jakahlaupi bráðabirgðaráðstafana í efnahagsmálum.

Stjórnarandstaðan tekur ekki þátt í slíku og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins en áskilur sér rétt til að greiða atkvæði á móti einstökum tillögum í frumvarpinu en styðja aðrar eftir efni málsins.

Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar fyrir hönd Borgaraflokksins og er hann samþykktur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 4. mars 1988.

Steingrímur J. Sigfússon,  
frsm.

Kristín Halldórsdóttir.